



Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur

### **Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um að frysta laun kjörinna fulltrúa**

Á fundi borgarstjórnar þann 20. júní 2023 var samþykkt með 22 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Sósíalístafllokks Íslands, Viðreisnar og Flokks fólksins gegn atkvæði borgarfulltrúa vinstri grænna að vísa svohljóðandi tillögu borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands til meðferðar borgarráðs:

Lagt er til að launahækkunum borgarfulltrúa og fyrstu varaborgarfulltrúa verði frestað á þessu ári. Í ljósi hárrar verðbólgu og óvissu í efnahagslífinu á borgarstjórn að leiða með góðu fordæmi og hafna hækkunum ofan á laun sem eru gríðarlega há. Borgarfulltrúar þurfa ekki þessar hækkanir og ljóst er að núverandi launastefna hefur ekki vakið neina sátt í samfélaginu. Mörgum íbúum finnst laun borgarfulltrúa alltof há og það að launin hækki tvisvar á ári ofan á það er óverjandi. Fara þarf í endurskoðun á launauppbyggingu kjörinna fulltrúa í Reykjavík og skoða annað fyrirkomulag. Til þess verði skipaður stýrihópur kjörinna fulltrúa úr öllum flokkum borgarstjórnar og leitað til aðila vinnumarkaðarins, þ.e.a.s heildarsamtaka launafólks og verkalýðsfélaga, til þess að gefa stýrihópnum ráð. Settar verði fram tillögur að samfélagssátt um laun borgarfulltrúa, til að bæði auka traust íbúa til borgarstjórnar og spara fé í stjórnkerfinu. Þessi vinna feli einnig í sér að sett verði fram viðmið um hvað teljist eðlilegt launabil á milli hæstu og lægstu launa hjá Reykjavíkurborg og fyrirtækja í eigu hennar. Lagt er til að starfsmaður frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu haldi utan um stýrihópinn og að niðurstöður liggja fyrir eigi síðar en 1. október 2023.

Það tilkynnist hér með.  
Greinargerð fylgir tillögunni.

Borgarfulltrúar Sósíalístafllokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er miður að meirihluti borgarstjórnar sjái sér ekki fært að samþykkja tillögu um endurskoðun launauppbyggingar kjörinna fulltrúa, þar sem um há laun er að ræða með sérstökum aukagreiðslum. Sósíalistar lögðu til að grunnlaun borgarfulltrúa tækju ekki hækkunum á þessu ári og að launastefnan yrði endurskoðuð til þess að tryggja eðlileg laun í samhengi við önnur laun sem eru greidd í borginni. Einnig var lagt til að launastefna yrði þróuð fyrir Reykjavíkurborg í heild sinni sem og fyrirtækja í eigu hennar um eðlileg viðmið á milli hæstu og lægstu launa. Á síðustu 12 mánuðum hafa grunnlaun borgarfulltrúa hækkað um 71.512 kr. Á sama tíma þarf launafólk oft að hafa mikið fyrir sjálfsögðum og eðlilegum kjarabótum. Það er mikilvægt að kjörnir fulltrúar séu ekki aftengdir raunveruleika og lífskjörum almennings. Með því að koma á hámarks launabili í borginni yrði hægt að koma því í kring. Borgarstjórn samþykkti að skoða nánar fyrirhugaða launahækkun sem á að koma til greiðslu í ágúst. Það er skref í rétta átt þar sem borgarfulltrúar eru með því að viðurkenna að eðlilegt sé að skoða launin í tengslum við ytri aðstæður.



Reykjavíkurborg

Borgarfulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni er vísað til borgarráðs þar sem verið er að skoða þessi mál og hvaða breytingar verða á kjörum borgarfulltrúa þegar laun verða greidd út 1. ágúst nk. Hækkun á launum borgarfulltrúa fylgir launavísitölu og ætti því að fylgja almennri launaþróun í landinu. Við stefnum á að laun borgarfulltrúar muni ekki hækka um meira en það sem samið var um á hinum almenna markaði.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
e.u.

Hjálagt:  
Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands